

Alþingi
Erindi nr. P 138/2892
komudagur 4.6.2010

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Fjárlaganefnd Alþingis
skrifstofu Alþingis,
nefndasviði
Austurstræti 8-10

Akranesi 4. júní 2010

Efni: Umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) um um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum, 552. mál.

Með tölvupósti, dags. 27. maí sl., var Félagi forstöðumanna ríkisstofnana gefinn kostur á að veita umsögn um fyrirbyggjandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum, 552. mál.


Í framangreindu frumvarpi er ráð fyrir því gert að það verði fortakslaus skylda að veita forstöðumanni stofnunar eða ábyrgðaraðila fjárlagaliðar skriflega áminningu samkvæmt 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fari stofnun eða fjárlagaliður fram úr fjárheimildum. Eins og rakið er í greinargerð með framangreindu frumvarpi þá segir í 49. gr. laga um fjárreiður ríkisins að forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila beri ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Brot á ákvæðum laganna varða skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt starfsmannalögum. Tillaga frumvarpsins er að skyldu til að veita áminningu verði bætt við umrætt ákvæði.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana tekur undir þær áhyggjur sem birtast í greinargerð frumvarpsins og snúa að fjármálastjórn ríkisins. Félagið dregur hins vegar í efa að lausnin á þeim vanda felist í þeim tillögum sem finna má í frumvarpinu. Í fyrsta lagi skal nefnt að þegar eru í fjárreiðulögum skýr ákvæði um ábyrgð forstöðumanna og hvernig skuli bregðast við ef brotið er gegn ákvæðum laganna. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2007 og ársáætlanir 2008 koma fram upplýsingar um síendurtekin brot gegn fjárreiðulögum og reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Jafnframt er tekið fram að aðgerðaleyssi ráðuneyta sýni að ábyrgðin sé ekki að öllu leyti hjá forstöðumönnum stofnana. Er þetta rakið í greinargerð með frumvarpinu. Þar er einnig rakið að útfæra þurfi áminningarkerfi fyrir forstöðumenn í þá veru að fagráðuneyti áminni með samræmdum hætti forstöðumenn sem ekki virði ramma fjárlaga. Áður hafi þeir verið hvattir til að bæta úr því sem miður hafi farið innan tilskilins frests. Síðan segir í greinargerðinni: „Til að svo megi verða þarf að efla eftirlit með framkvæmd fjárlaga innan ársins þannig að bæði forstöðumaður og fagráðuneyti fái með góðum fyrirvara vitneskju um það að starfsemi verði ekki innan fjárheimilda.“

Framangreimt frumvarp felur í sér fortakslausa skyldu til að veita forstöðumanni eða ábyrgðaraðila fjárlagaliðar áminningu samkvæmt starfsmannalögum fari stofnun eða fjárlagaliður fram úr fjárheimildum. Það er mat Félags forstöðumanna ríkisstofnana að núgildandi ákvæði laga séu bæði skýr og fullnægjandi til þess að veita þeim forstöðumönnum áminningu sem ábyrgð bera á framúrkeyrslu þeirra stofnana sem þeir stýra. Fortakslaus skylda til að veita áminningu fæli hins vegar í sér nánast hlutlæga ábyrgð, þ.e. ábyrgð án sakar, á framúrkeyrslu stofnunar. Ástæður fyrir slíkri umframeyðslu geta verið margar og í sumum tilvikum ófyrirséðar eins og t.d. eldgos og aðrar náttúruhamfarir sem og aðrar ytri aðstæður sem forstöðumanni er ómögulegt að hafa stjórn á. Er því óeðlilegt að mælt sé fyrir um slíkt með jafn fortakslausum hætti og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í greinargerð með frumvarpinu er það rakið að til þess að unnt sé að setja það kerfi í framkvæmd sem lagt er til í frumvarpinu, þurfi að efla eftirlit með framkvæmd fjárlaga innan ársins. Það er mat Félags forstöðumanna ríkisstofnana að slíkt sé nú þegar nauðsynlegt, óháð þessu frumvarpi, og raunar fyrsta og mikilvægasta aðgerðin til að takast á við þann vanda sem við blasir í fjármálastjórn ríkisins.

Fyrir hönd Félags forstöðumanna ríkisstofnana


Magnús Guðmundsson
formaður